

AUGLÝSING

um staðfestingu á breyttu deiliskipulagi fyrir miðbæ Keflavíkur, Reykjanesbæ.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 7. október 1996 staðfest breytingu á deiliskipulagi fyrir miðbæ Keflavíkur, Reykjanesbæ.

Breytingarnar felast í því að áform um nýbyggingar við Aðalgötu og Kirkjuveg falla niður, leikvöllur kemur í stað torgs, íbúðarhús við Aðalgötu og Kirkjuveg standa óhreyfð og hús verður flutt frá Aðalgötu á lóð við Vallargötu. Reiturinn verði einungis fyrir íbúðabyggingu í stað blandaðrar starfsemi áður.

Skipulagsuppráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Samþykki bæjarstjórnar Reykjanesbæjar liggur fyrir og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 7. október 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990-2010, Reykjanesbraut við Mjódd.

Samkvæmt ósk borgarstjórnar Reykjavíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 28. ágúst 1996 staðfest breytingu, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990-2010, frá 20. febrúar 1992 með síðari breytingum.

Breytingin er fólgin í því að heimiluð er vinstri beygja frá Reykjanesbraut inn á þjónustusvæðið við Mjódd.

Borgarstjórn Reykjavíkur tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfissráðuneytinu, 7. október 1996.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Stokkseyrar 1996-2016.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 7. október 1996 staðfest aðalskipulag Stokkseyrar 1996-2016. Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Stokkseyrar 1987-2007 frá 23. apríl 1990.